

BLAÐAMANNAFÉLAG ÍSLANDS

Síðumúla 23 - 108 Reykjavík - Sími: 553 9155 - Bréfasími 553 9177
Netfang: bi@press.is - Heimasíða: <http://www.press.is>



STOFNAB 1897

Alþingi

Erindi nr. P 132/1395

komudagur 21.3.2006

Reykjavík, mars 2006

Til: Menntamálanefndar Alþingis
Frá: Stjórn Blaðamannafélags Íslands

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf.

Menntamálanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Blaðamannafélags Íslands um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf.

Með frumvarpinu er verið að leggja niður ríkisstofnunina Ríkisútvarpið og stofna samtímis hlutafélag um reksturinn. Í þriðju grein frumvarpsins segir m.a. að hlutverk Ríkisútvarpsins hf. verði rekstur hvers konar útvarpsþjónustu í almannabágu, bæði hljóðvarps og sjónvarps. Í því ljósi telur stjórn BÍ rétt að í frumvarpinu verði tveir þættir áréttáðir; annars vegar sjálfstæði ritstjórna og hins vegar faglegar ráðningar, þ.e. að þær verði byggðar á faglegum forsendum, en ekki flokkspólitískum hagsmunum.

1. Í þriðju grein frumvarpsins segir að útvarpsþjónusta í almannabágu feli m.a. í sér að veita víðtæka, áreiðanlega, almenna og hlutlæga fréttþjónustu um innlend og erlend málefni líðandi stundar og vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á málum sem efst eru á baugi hverju sinni eða almenning varð.

Stjórn BÍ telur að í frumvarpinu þurfi einnig að áréttta sjálfstæði ritstjórna gagnvart flokkspólitískri eða efnahagslegri íhlutun. Það megi m.a. gera með því að kveða á um setja þurfi innri reglur, sem fjalli m.a. um skilyrði áminningar og brottvikningar.

2. Samkvæmt frumvarpinu skal stjórn hlutafélagsins kosin á aðalfundi sem haldinn skal fyrir lok maímánaðar ár hver. Stjórnina skulu skipa fimm menn og jafnmargir til vara. Áður en kosið er til stjórnar á aðalfundi skulu fimm menn kjörnir hlutbundinni kosningu á Alþingi ásamt jafmörgum til vara og skulu þeir kosnir í stjórn félagsins. Starfssvið stjórnarinnar er m.a. að ráða útvarpsstjóra og leysa hann frá störfum, ákveða laun hans og önnur starfskjör.

Stjórn BÍ fagnar því að útvarpsráð verði samkvæmt frumvarpinu lagt niður í núverandi mynd. Þar með ljúki beinum afskiptum flokkspólitískra fulltrúa af einstökum mannráðningum. Stjórnin leggur þó til að fleiri aðilar en Alþingi fái að skipa fulltrúa í stjórn hlutafélagsins; m.a. starfsmenn Ríkisútvarpsins. Slíkt á sér fordæmi í


nágrannalöndum okkar. Útvarpsráð NRK er til að mynda skipað níu mönnum, þar af þremur fulltrúum starfsmanna.

Þannig má stuðla að því að önnur sjónarmið en flokkspólitísk ráði för hjá stjórn hlutafélagsins, til dæmis við ráðningu útvarpsstjóra.

3. Samkvæmt frumvarpinu ræður útvarpsstjóri aðra starfsmenn Ríkisútvarpsins hf. Lagt er til í frumvarpinu að nánar verði kveðið á um starfssvið útvarpsstjóra í samþykktum félagsins. Þá er útvarpsstjóri samkvæmt frumvarpinu æðsti yfirmaður allrar dagskrárgerðar Ríkisútvarpsins.

Stjórn BÍ telur rétt að skilgreina betur starfssvið útvarpsstjóra í lögnum, eða að lögin kveði á um settar verði sérstakar reglur sem tryggi sjálfstæði ritstjórna gagnvart útvarpsstjóra.

Fyrir hönd stjórnar BÍ



Arna Schram, formaður BÍ